

# Sunddeild Keflavíkur

Dagskrá aðalfundar

Ársskýrsla 2009



## Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 26.1.2010

1. Fundarsetning
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari
4. Fundarritari les fundargerð síðasta aðalfundar
5. Formaður les skýrslur deildarstjórnar um starfssemina á liðnu ári
6. Gjaldkeri deildar leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga
7. Kaffihlé
8. Kosningar
  - a. Kosinn formaður
  - b. Kosnir 4 meðstjórnendur
  - c. Kosnir 3 menn í varastjórn
  - d. Kosnir 2 endurskoðendur og einn til vara
  - e. Kosið í nefndir og ráð
9. Æfingagjald fyrir næsta ár ákveðið
10. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
11. Önnur mál
12. Fundi slitið

# Skýrsla stjórnar fyrir árið 2009

*Byggð á samantekt formanns í Jólalblaði Keflavíkur 2009*

Sundárið 2009 var með hefðbundnu sniði. Það reyndist erfitt að fylgja eftir gríðarlega góðum árangri frá því í fyrra þar sem sundlið ÍRB vann flest sem hægt var að vinna. Það má segja að þetta hafi verið nokkurs konar silfurár, silfur á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ), silfur hjá kvennaliði ÍRB á Bikarkeppni Sundsambands Íslands, brons hjá karlaliði ÍRB á Bikarkeppninni og ívið lakari árangur en í fyrra í einstaklingsgreinum á Íslandsmótinu í 50 metra laug í vor. Þessi frammistaða var út af fyrir sig ágæt en við teljum okkur geta gert betur og setjum jafnan markið á sigur í liðakeppnum og sterka útkomu í einstaklingsgreinum á öllum mótum.

Ef við hugum að helstu atburðum ársins þá er gaman að minnst fyrst á Páskamót sundmanna 12 ára og yngri sem haldið var í Vatnaveröld í mars. Mótið tókst einkar vel, sundmenn nutu sín vel og höfðu foreldrar og forráðamenn gaman af líflegu, snaggaralegu og skemmtilegu móti. Í annáli sem þessum er okkur gjarnan tíðrætt um okkar eldri sundmenn og afrekssundmenn sem keppa á þeim mótum sem mest eru í sviðsljósinu. Við leggjum kapp á að hlúa vel að okkar yngstu sundmönnum, þannig tryggjum við áframhaldandi sterkt sundlið í Reykjanesbæ og búum börnum í Reykjanesbæ góðan aðbúnað í sundíþróttinni, sem er ómetanlegt fyrir okkar bæjarfélag líkt og íþróttaiðkun ungmenna almennt. Þess má geta að fjöldi nýrra sundmanna á nýliðnu hausti var mikill. Við fögnum því. Á sama tíma höfum við þó áhyggjur að því að íþróttaiðkun barna og ungmenna hér í bæ gæti verið meiri, ekki síst meðal yngri árganga í grunnskólum.

Á Íslandsmótinu í 50 metra laug sem haldið var í Laugardalslauginni í mars unnu sundmenn ÍRB 11 Íslandsmeistaratitla. Þar af vann Davíð Hildiberg Aðalsteinsson 4 titla, en hann hefur á þessu ári stimplað sig inn sem einn allra besti baksundsmaður landsins. Þá bar einnig til tíðinda að Birkir Már Jónsson vann 200 m skriðsund með miklum yfirburðum á góðum tíma, en Birkir nemur og syndir í Bandaríkjunum, líkt og þau Erla Dögg Haraldsdóttir og Árni Már Árnason. Þau hafa öll staðið sig með miklum sóma í sínum skólum og hafa öll sett þar skólamet á árinu. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir gerði sér lítið fyrir og setti glæsilegt Íslandsmet meylla í 200 metra bringusundi og endaði í 4. sæti. Frábært sund hjá Ólöfu sem er eingöngu á tólfta aldursári.

Bikarkeppni Sundsambands Íslands fór fram í 50 metra lauginni í Vatnaveröld í Reykjanesbæ þriðja árið í röð. Mótahald tókst að venju mjög vel, þökk sé öflugum foreldrastarfi. Aðbúnaður sundmanna var til fyrirmyndar í okkar glæsilegu laug og í gistingu og mat í Holtaskóla. Sem fyrr nutum við góðs stuðnings frá Reykjanesbæ, frá starfsfólki Vatnaveraldar, frá Holtaskóla og frá okkar helstu styrktaraðilum, Sparisjóðnum, Nettó og Sigurjóni bakara og kunnum við þeim öllum bestu þakkir. Eins og fram kom hér á undan þá hafnaði kvennalið ÍRB í öðru sæti á eftir Ægi og karlaliðið í þriðja sæti á eftir SH og Ægi. Það hefur verið ágætis uppgangur hjá bæði Ægir-ingum og SH-ingum undanfarin ár. Við fögnum meiri samkeppni og munum ótrauð nýta hana til að knýja okkur til dáða. Markverðasta árangri okkar fólks náði Ólöf Edda Eðvarðsdóttir en hún gerði sér lítið fyrir og setti tvö íslensk meylla í sama sundinu, 200 m bringusundi. Hún setti met í 100 m bringusundi með millitímanum 1:23,06 og seinna metið var lokatíminn í 200 m sundinu en þar synti hún á tímanum 2:52,21.

Sundfólkið okkar lét að sér kveða utan laugar sem innan. Sundkonurnar María Ása Áspórsdóttir og Soffía Klemenzdóttir voru í sigurliði Heiðarskóla í Skólahreysti 2009. Þar setti María Ása Íslandsmet í armbeygjum og Soffía í hraðakeppni, ásamt Eyþóri Inga Einarssyni. Auk þess setti Eyþór Ingi Júlíusson Íslandsmet í upphíngum í undankeppninni. Glæsilegur árangur.

Það voru ekki bara yngri sundmenn sem létu að sér kveða á árinu. Sigmar Björnsson sýndi flott tilþrif á Íslandsmeistaramóti Garpa sem fram fór í Kópavogi dagana 1. - 2. maí. Þar krækti Sigmar sér í Íslandsmeistaratitil bæði í 100m bringusundi og 200m bringusundi.

Sparisjóðsmót ÍRB var haldið þriðja árið í röð í maí og að venju var það stórt í sniðum enda eitt fjölmennasta mót sem haldið er ár hvert. Mótið hófst með keppni yngstu sundmannanna á föstudegi og var svo framhaldið á laugardegi og sunnudegi. Áður en keppni yngstu sundmanna hófst þá léku eldri sundmenn listir sínar. Skemmt er frá því að segja að sundparið og Ólympíufarar ÍRB settu bæði ný glæsileg Íslandsmet. Erla Dögg Haraldsdóttir synti 50 m bringusund á 31,61 sem var bæting á meti Hrafnhildar Lúthersdóttir síðan í nóvember 2008 um 6/10 úr sek. Því næst synti Árni Már Árnason og setti einnig Íslandsmet, synti 50 m bringusund á 27,52. Þar bætti hann met Jakobs Jóhanns Sveinssonar síðan í nóvember 2008 um rúmlega 3/10 úr sekúndu. Mótið var gríðarlega fjölmennt eða um 500 keppendur frá 14 félögum og var mikil og góð stemming á mótinu. Eurovision lög hljómuðu á bakkanum og yndisleg veðurbliða var í Reykjanesbæ. Þess má reyndar geta að það hefur jafnan verið veðurbliða hér í bæ undanfarin ár þegar stórmót hafa verið haldin í Vatnaveröld og þau hafa verið allnokkur. Félagar okkar í sundhreyfingunni eru farnir að átta sig á því að munnmælasögur þess efnis að hér sé misviðrasamt og belgingsveður hljóti að vera á misskilningi byggðar. Ýmis tilþrif litu dagsins ljós á Sparisjóðsmótinu. Bryndís Rún Hansen sundfélaginu Óðni náði lágmarkum fyrir Evrópumeistaramót unglunga með frábæru sundi í 200 m fjórsundi. Pálmi Guðlaugsson sunddeild Fjölnis setti tvö Íslandsmet í flokki fatlaðra S6. Hann setti Íslandsmet í 400 m skriðsundi og 200 m baksundi og jafnframt náði hann lágmarkum á EM 50. Fjölmargir sundmanna ÍRB bættu sína tíma og náðu margir lágmarkum á Aldursflokkeistaramótið, AMÍ, ásamt því að fjölmörg ný Sparisjóðsmótsmet litu dagsins ljós. Stigahæstu sundmenn 13 - 14 ára voru Júlía Rún Rósbergisdóttir Óðni fyrir 200 m skriðsund og Daníel Hannes Pálsson Fjölni fyrir 200 m skriðsund. Stigahæstu sundmenn 15 ára og eldri voru Erla Dögg Haraldsdóttir ÍRB fyrir 200 m bringusund og Árni Már Árnason ÍRB fyrir 200 m bringusund. Sem fyrr nutu stjórnir, foreldrar og þjálfarar góðs stuðning við mótahaldið frá okkur stuðningsaðilum og þá ekki síst hjá okkar aðalstyrktaraðila, Sparisjóðnum í Keflavík, sem hefur stutt okkur ötullega í gegnum tíðina.

Okkar yngri sundmenn kepptu líkt og undanfarin ár á Akranesleikunum í byrjun júní. Krakkarnir stóðu sig með sóma jafnt í lauginni sem utan hennar. Það var flott stemming í hópnum og virkilega gaman á Skaganum.

Fulltrúar ÍRB stóðu sig virkilega vel á Smáþjóðaleikunum í júní. Árni Már, Birkir Már, Davíð Hildiberg, Erla Dögg og Sindri Þór unnu samtals 16 gullverðlaun, hvorki meira né minna. Auk þess setti Sindri Þór Íslandsmet og mótsmet í 200 m flugsundi.

Lið ÍRB lenti í öðru sæti í stigakeppni liða á AMÍ árið 2009 eftir mikla keppni við lið Ægis allt frá fimmtudagsmorgni og fram á sunnudagskvöld. Eftir samfellda sigurgöngu í fimm ár þá urðum við að lúta í grasi fyrir baráttuglöðum Ægiringum sem hafa beðið eftir þessum titli síðastliðin þrettán ár. Við óskum þeim til hamingju með sigurinn en hyggjumst ekki leyfa þeim að hafa þennan bikar lengi því stefnan er sett á að endurheimta hann strax að ári liðnu. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir átti frábært mót. Hún var stigahæsta 11-12 ára meyjan og vann sjö af þeim átta greinum sem hún keppti í. Auk þess setti hún allt í allt átta innanfélagsmet og var jafnframt örskammt frá aldursflokkeistaramótunum í sömu greinunum. Hún setti bæði ÍRB og Keflavíkurmet í eftirtöldum greinum. Í 200 m fjórsundi, 400 m fjórsundi og 200 m bringusundi þar bætti hún met Jóhönnu Júlíu Júlíusdóttur frá 2008 og í 100 m bringusundi þar bætti hún met Erlu Daggar Haraldsdóttur frá 2000. Glæsilegt hjá Ólöfu Eddu. Jóhanna Júlía Júlíusdóttir átti einnig frábært mót og á lokahófi SSÍ þá var hún valin í unglíngalandslið SSÍ til keppni á Ólympíudögum Evrópuæskunnar sem fram fór í Tampere í Finnlandi í júlí.

Nýtt sundtímabil hófst með krafti í lok ágúst og byrjun september. Á Ljósanótt þreyttu elstu sundmennirnir áheitasjósund þegar þau syntu frá Víkingaskipinu inn í Keflavíkurhöfn og má segja að það hafi gefið tóninn fyrir flotta byrjun á tímabilinu. Sundmenn ÍRB hafa staðið sig vel á fyrstu mótum vetrarins. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir tók upp þráðinn þar sem hún skildi við hann á síðasta tímabili og er búinn að vera iðinn við að slá bæði innanfélagsmet og Íslandsmet. Á innanfélagsmóti í október bætti hún t.a.m. 16 ára gamalt Íslandsmet Láru Hrundar Bjargardóttur í flokki meylla í 200 m bringusundi í 25metra laug. Ólöf Edda synti á tímanum 2:45,41 sem er frábær tími, tími Láru var 2:46,87. Á svokölluðu World Cup móti í Svíþjóð í annarri viku nóvember bætti Sindri Þór Jakobsson Íslandsmetið Arnar Arnarsonar í 200 metra flugsundi þegar hann synti á 1:58,45.

Birkir Már Jónsson var valinn Sundmaður Keflavíkur 2009. Á árinu 2009 varð hann Íslandsmeistari í 4 greinum og keppti með landsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum á Kýpur. Þar vann hann til þriggja gullverðlauna og einna silfurverðlauna. Hann var í boðsundssveit Íslands á leikunum, en sveitin vann öll boðsundin þar sem hann var mikilvægur hlekkur. Birkir er nú á öðru ári við nám við Háskólanum í New Orleans. Þar hefur hann staðið sig mjög vel og sett nokkur skólamet, jafnframt því að setja met í deildinni sem skólinn hans keppir í. Birkir var á árinu einnig valinn sundmaður vikunnar í deildinni. Birkir Már Jónsson er góð fyrirmynd, jafnframt er hann einnig gott dæmi um það hvernig hægt er að tengja saman nám og iðkun íþróttanna með frábærum árangri. Stigahæstu sund hans á árinu voru: 50m flugsund og 200m skriðsund í 50m laug.

Í haust var höggvið stórt skarð í íslenskt sundlíf þegar Ólafur Þór Gunnlaugsson féll frá fyrir aldur fram eftir snarpa sjúkralægu. Fáir, eða nokkrir, hafa gert meira fyrir sundíþróttina á Íslandi heldur en Óli Þór. Hann var afreksundmaður á sínum tíma og síðan litríkur þjálfari sem þjálfaði fjölda barna og unglinga af eldmóði og hugsjón, þar á meðal marga af okkar ÍRB sundmönnum og má með sanni segja að Óli Þór á stóran hlut í velgengni ÍRB á undanförunum árum. Óli Þór var einn af þessum einstaklingum sem „flutti fjöll“. Hann átti stóran þátt í uppgangi ungbarnasunds hér á landi, hann bjó til sundfélög og reif upp önnur og hann lagði grunninn af ýmsu því sem vel hefur tekist til með í sundhreyfingunni hér á landi, til að mynda Aldursflokkameistarmótinu. Óli Þór mun lifa í minningu okkar sem skapmikill ljúflingur og hugsjónarmaður.

Sunddeildir Keflavíkur og Njarðvíkur hafa nú starfað saman í 8 ár undir merkjum ÍRB. Samstarfið hefur verið einkar gott og vaxið og þroskast ár frá ári og í raun vaxið meira en sem nemur þeim samningslega stakki sem því var upphaflega sniðið. Fyrir um ári síðan viðruðu undirritaður og tveir fyrrverandi formenn Sunddeildar Keflavíkur hugmyndir sem miðuðu að því að treysta samstarfið og skapa því aukið vaxtarrými. Málið er þó ekki einfalt þar sem deildirnar eru hvorar fyrir sig tengdar sínum félögum, sem aftur eru hluti af ÍRB. Keflavík og UMFN hafa í gegnum tíðina unnið gott starf á vettvangi sundíþróttarinnar. Það er skoðun stjórnar Sunddeildar Keflavíkur að við munum best ávaxta þessa góðu vinnu með því að starfa saman, sundfólki í Reykjanesbæ í nútíð og framtíð til heilla. Það er því mikilvægt að samstarfið fái tækifæri og svigrúm til að halda áfram að þroskast og dafna og telur sjórnin að fyrirhuguð stofnun Sundráðs ÍRB muni skapa heppilegan vettvang til þess.

Enn sem fyrr eru æfingagjöld deildarinnar talsvert lægri en æfingagjöld þeirra sundfélaga sem við berum okkar saman við. Æfingagjöld hafa ekki verið hækkuð frá fyrra tímabili þrátt fyrir að ljóst var að fjárhagsleg afkoma ársins yrði lakari en fyrra árs. Afkoma ársins 2009 var neikvæð, en tapið þó ekki mikið. Afkoma deildarinnar undanfarin ár hefur verið góð og skilað afgangi og ágætri sjóðsstöðu, deildin hefur því svigrúm til að mæta tímabundnum hallarekstri. Ljóst er að fjárhagsárið 2010 verður ekki léttara. Iðkendur hefur fækkað nokkuð og blikur á lofti varðandi öflun styrkja. Leita verður leiða til að auka fjölda iðkenda, styrkja tekjustofna og halda niðri kostnaði. Það er vart raunhæft að búast við hagnaði á árinu 2010, en leitast verður við að láta tekjur mæta gjöldum.

Sem fyrr þökkum við stuðningsaðilum okkar og skal þá fyrst og fremst nefna Sparisjóðinn, Samkaup, Reykjanesbæ og Sigurjón bakara. Deildin hefur, líkt og undanfarin ár, styrkt sundmenn til verkefna og keppni.

Heimasíðan hefur orðið enn virkari og skráningar í Felix enn betri. Stjórn SK er staðráðinn í því að vinna áfram að uppgangi sundíþróttarinnar í Reykjanesbæ í þágu sundmanna, foreldra og samfélagsins sem við búum í.

Stjórn Sunddeildar Keflavíkur árið 2009,

*Ásta Gunnarsdóttir, gjaldkeri*

*Falur Helgi Daðason, meðstjórnandi*

*Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, ritari*

*Guðmundur Jón Bjarnason, formaður*

*Hjördís Kristinsdóttir, varamaður*

*Júlíus Friðriksson, varamaður*

*Sigurbjörg Róbertsdóttir, varaformaður*

*Þórhildur Jónsdóttir, varamaður (flutti til Danmerkur um mitt ár og hafa þau hjónin Svala Berglind Robertsson og Friðrik Hrannar Ólafsson komið í hennar stað)*



*Elfa Ingvadóttir (til vinstri) og Diljá Heimisdóttir eftir áheitasund á Ljósanótt.*



*Yngstu keppendurnir á Sparisjóðsmótinu tóku þátt í hinum sívinsæla sjóræningjaleik*



*ÍRB hópurinn á AMÍ 2009 tekur einn „Davið“, þ.e.a.s. þá stellingu sem Davið Hildiberg hefur slegið í gegn með í vinsælli sjónvarpsauglýsingu*



Ólöf Edda á AMÍ: Ólöf Edda Eðvarðsdóttir með ein af sjö gullverðlaunum sínum á AMÍ 2009



*Einar Þór Ívarsson á AMÍ 2009 á Akureyri, Einar Þór hefur sýnt góð tilþrif á árinu.*





David: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson efstur á palli eins og svo oft á þessu ári, þessi mynd var tekin á Sprengimóti Óðins á Akureyri í september.



Badda og Óli Þór á góðri stundu á AMÍ á Akureyri í sumar, þetta er síðasta myndin af Óla Þór sem við eigum í okkar myndasafni.

## Sundæfingar

Fyrirkomulag sundæfinga var óbreytt á milli ára.

Eldri hópur ÍRB æfir í Vatnaveröld undir stjórn Steindórs Gunnarssonar, íþróttakennara og yfirþjálfara. Yngri ÍRB hópur æfir í Vatnaveröld undir stjórn Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar, íþróttakennar og íþróttافرæðings.

Sundmenn á aldrinum 6 – 12 ára æfa undir stjórn Sóleyjar Margeirsdóttur, íþróttافرæðings. Markmiðið er að þjálfra krakkan í öllum fjórum höfuðsundunum auk þess sem lögð er áhersla á stungur og snúningum við bakka.

Sundmenn á aldrinum 2ja – 6 ára æfa í Heiðarskóla undir stjórn Sóleyjar Margeirsdóttur. Markmiðið með kennslunni er að gera krakkana synda án kúta og þar með tilbúna fyrir æfingar í Vatnaveröld.

## Keflavík, Íslandsmeistarar 2009

### Íslandsmeistaratitlar á ÍM 50 2009

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: 200bak, 100m bak, 50 bak og 50 skrið

Birkir Már Jónsson: 200m skriðsund, 50 flug, 100 flug og 100m skriðsund.

### Íslandsmeistari garpa 2009

Sigmar Björnsson: 100 og 200m bringusund.

### Íslandsmeistarar á AMÍ 2009

Baldvin Sigmarsson, Björgvin Theódór Hilmarsson, Einar Þór Ívarsson, Hólmfríður Rún Guðmundsdóttir, Íris Dögg Ingvadóttir, Jóhanna Júlía Júlíusdóttir, Jón Ágúst Guðmundsson, Jóna Helena Bjarnadóttir, Kristófer Sigurðsson, Magnþór Breki Ragnarsson, Ólöf Edda Eðvarðsdóttir, Soffía Klemenzdóttir, Sveinn Þröstur Bjarnason

### Íslandsmeistaratitlar ÍRB á ÍM 25 2009

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: 50m 100m og 200m baksund, 100m flug 200m skriðs.

## Afrekaskrá Sunddeildar Keflavíkur og ÍRB

Afrekaskráin er á heimasíðu deildarinnar, <http://www.keflavik.is/Sund/Met/>